



**PLASTIÐJAN BJARG
IÐJULUNDUR**

**Samkomulag milli Einingar-Iðju og Akureyrarbæjar
vegna starfsmanna í starfsþjálfun/starfsendurhæfingu
og á ótímabundnum ráðningarsamningi hjá
Plastiðjunni Bjargi – Iðjulundi**

Plastiðjan Bjarg–Iðjulundur hér eftir nefnt **PBI** er vinnustaður fyrir fólk sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum er með skerta starfsgetu. Plastiðjan Bjarg – Iðjulundur er rekin í samræmi við lög um málefni fatlaðra, nr. 59/1992 og reglugerð um atvinnumál fatlaðra nr. 376/1996. Rekstraraðili er Akureyrarbær samkvæmt þjónustusamningi við Velferðaráðuneyti.

Vinnusamningar starfsmanna geta annað hvort verið tímabundnir starfsþjálfunarsamningar um tímavinnu eða ótímabundnir ráðningarsamningar um starfshlutfall m.v. starfsgetu skv. starfsmati Hlutverks samtaka um vinnu- og verkþjálfun.

Starfsþjálfun eða starfsendurhæfing er ætluð einstaklingum á aldrinum 18 - 60 ára. Starfsþjálfun er tímabundin og er í sex mánuði í senn. Hægt er að framlengja tímabundna ráðningarsamninga ef þörf er á lengri þjálfun eða ef bið er eftir öðrum atvinnuúrræðum, en þó að hámarki í 24 mánuði alls.

Í starfsþjálfun eru greidd 30 % af launum fyrstu tvo mánuði í starfsþjálfun. Eftir það fer fram starfsmat og laun geta hækkað í 50% ef það er niðurstaða matsins. Vinnutími er að hámarki fjórir tímar á dag, alls 20 tímar á viku eða 50% starfshlutfall. Lágmarks starfshlutfall er 10% eða fjórir tímar á viku. Við mat á starfsgetu er stuðst við matskvarða Hlutverks samtaka um vinnu- og verkþjálfun.

Ótímabundnir ráðningarsamningar eru ætlaðir einstaklingum á aldrinum 18 - 67 ára. Þeir eru ætlaðir starfsmönnum sem að lokinni starfsþjálfun geta ekki starfað á almennum vinnumarkaði. Við ráðningu fer fram starfsmat þar sem starfsgeta hvers einstaklings er metin. Um er að ræða fjóra flokka; miðað er við 30%, 50%, 70% eða 90% starfsgetu. Þarna er átt við virkan vinnutíma. Einstaklingur með 30% vinnugetu vinnur við framleiðslu eða þjónustu 30 % vinnutímans en fær leiðsögn og þjálfun 70% vinnutímans. Framleiðsla eða þjónusta annars vegar og þjálfun og leiðsögn hins vegar eru ekki aðgreind í daglegu starfi, heldur samþætt.

Mat á starfsgetu starfsmanns er hluti af samningi þessum. Mat skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Starfsmaður getur óskað eftir nýju starfsmati þegar a.m.k. sex mánuðir eru liðnir frá því að starfsmat var síðast gert. Laun eru greidd í hlutfalli við metna starfsgetu og vinnutíma viðkomandi einstaklings.

Starfsgeta starfsmanna skiptist, sem hér segir:

Hlutfall framleiðslu og þjónustu	Hlutfall þjálfunar og leiðsagnar
90%	10%
70%	30%
50%	50%
30%	70%

Starfsgeta starfsmanns með ótímabundna ráðningu þarf að vera a.m.k. 30 % skv. starfsmati. Vinnutími er að hámarki fjórir tímar á dag, alls 20 tímar á viku eða 50% starfshlutfall. Lágmarks starfshlutfall er 10% eða fjórir tímar á viku.

Starfsmenn á PBI fylgja kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga að öðru leyti en hér greinir:

Launaflokkur starfsmanna í starfsþjálfun og með ótímabundna ráðningu hjá PBI er frá 1. janúar 2018 launaflokkur 117. Launaröðun tekur mið af launaröðun útgefinnar starfsmatsniðurstöðu fyrir starfið Verkamaður 1 eins og hún er á hverjum tíma frá 1. janúar 2018 og tekur sömu breytingum og kjarasamningur SNS og SGS.

Ekki er gert ráð fyrir sérstöku persónuálagi í samningi þessum.

Laun eru greidd mánaðarlega, fyrsta virka dag hvers mánaðar. Uppgjörstímabil er f.o.m. 13. degi fyrra mánaðar t.o.m 12. dags næsta mánaðar.

Greitt er fyrir unna tíma í dagvinnu og þeir reiknaðir út miðað við starfsgetu hvers einstaklings eins og fyrr segir.

Dagvinna skal unnin á tímabilinu kl. 08:00 – 16:00 á mánudegi til föstudags að báðum dögum meðtöldum.

Yfirvinnukaup er greitt ef unnið er utan dagvinnutíma Tímakaup fyrir yfirvinnu er 1,0385% af mánaðarlaunum miðað við launaflokkstarfsmanns.

Persónuuppbót sem greidd er fyrsta virkan dag desember ár hvert er greidd í sama hlutfalli og laun, miðað við starfsgetu og starfshlutfall.

Sérstök orlofsuppbót er greidd fyrsta virka dag maímánaðar með sama hætti og persónuuppbót.

Orlof. Allir starfsmenn skulu taka orlof. Lágmarksorlof er 24 dagar miðað við starf alla daga og a.m.k. eins árs starfsaldur. Hluta orlofs ber að taka þegar vinnustaðnum er lokað að sumri. Orlof af dagvinnu og af yfirvinnu er greitt á orlofsreikning viðkomandi starfsmanns og er því ekki um launagreiðslur að ræða þann tíma sem orlof er tekið.

Orlof er reiknað á dagvinnulaun og er 10,17 %, við 30 ára aldur 11,59 % og við 38 ára aldur 13,04 %. Vörslubanki greiðir orlofsfé er greitt út í maí.

Tryggingar. Starfsmenn á ótímabundnum ráðningarsamningi og í starfsþjálfun njóta sambærilegra trygginga og aðrir starfsmenn hjá Akureyrarbæ sem eru félagsmenn Einingar-Iðju.

Vinnu-og hlífðarföt. Hlífðarfatnaður er lagður til og er skylt að nota hann þar sem við á. Starfsmanni skal lagður til h9onum að kostnaðarlausu allar þær persónuhlífar

(hlífðarbúnaður) sem krafist er skv lögum nr 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda þar um og reglum sem gilda um persónuhlífar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum.

Ráðning og starfslok. Gerður er skriflegur ráðningarsamningur við alla starfsmenn. Ráðningarsamningur í starfsþjálfun er tímabundinn og þarf ekki að segja upp sérstaklega. Hægt er að framlengja samning í starfsþjálfun með breytingarblaði. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur starfsmanna á ótímabundnum ráðningarsamningi er þrjú mánuðir. Ef breyting verður á starfsgetu eða starfshlutfalli þarf ekki að segja samningi upp sérstaklega en gert er breytingarblað og er starfsmanni gerð grein fyrir breytingum með eins mánaðar fyrirvara.

Starfsmaður lætur af starfi sínu eigi síðar en um næstu mánaðarmót eftir að hann nær 67 ára aldri.

Réttur starfsmanna vegna veikinda eða slysa.

Ef starfsmaður með ótímabundna ráðningu eða í starfsþjálfun verður óvinnufær vegna veikinda eða slysa skal hann tilkynna það yfirmanni PBI svo fljótt sem auðið er. Skila þarf læknisvottorði ef yfirmaður PBI óskar eftir því við starfsmann. Gjald vegna læknisvottorðs er endurgreitt gegn framlagningu kvittunar um greiðslu þess.

Starfsmenn í starfsþjálfun skulu halda launum svo lengi sem veikindadagar, taldir í almanaksdögum, verða ekki fleiri á hverjum 12 mánuðum en hér segir:

Á 1. mánuði í starfi	2 dagar
Á 2. mánuði í starfi	4 dagar
Á 3. mánuði í starfi	6 dagar
Eftir 3 mánuði í starfi	14 dagar
Eftir 6 mánuði í starfi	30 dagar.

Laun greiðast þó ekki lengur en ráðningarsamningur varir.

Við ótímabundna ráðningu er launagreiðslum í veikindum háttað eins og almennt gerist með starfsmenn Akureyrarbæjar sem eru félagsmenn í Einingu-Iðju.

Ef veikindi starfsmanna má rekja til fötlunar viðkomandi einstaklings falla launagreiðslur niður meðan á þeim veikindum stendur.

Félagsgjöld og iðngjaldagreiðslur.

Vinnuveitandi tekur að sér innheimtu félagsgjalda til Einingar-Iðju. Greitt er í orlofssjóð, starfsmenntunarsjóð og sjúkrasjóð.

Starfsmenn skv. samningi þessum skulu vera aðilar að Stapa lífeyrissjóð. Starfsmaður greiðir 4% iðngjald af heildarlaunum en launagreiðandi 11,5% með sama hætti. Þeir starfsmenn sem nú greiða í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda geta valið um hvort þeir halda áfram að greiða í hann eða í Stapa.

Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignasjóð, greiðir vinnuveitandi framlag á móti allt að 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.

Gildistími þessa samnings er f.o.m 1. janúar 2018.

Akureyri,
f.h. Akureyrarbæjar

f.h. Einingar-Iðju

Halla Margrét Tryggvadóttir
Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

Björn Snæbjörnsson,
Formaður Einingar-Iðju.